

1862
 11. nóvember. skal yður nú til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, er þarf í því efni, að ekkert er því til fyrirstöðu, að cand. phil. Jóni Þorkelssyni sé veitt launaviðbót eptir kornverði um þann tíma, sem hann er settur í 4. adjunktsembættið við hinn lærða skóla í Reykjavík, og að greiða ber launaviðbót þessa á yfirstandandi fjárhagsári frá 1. degi októberm. með $\frac{1}{2}$ af 150 rd. á mánuði.

19. nóvember. **73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um endurgjald jarðamatskostnaðar.**

Eins og yður er kunnugt, herra (tit.), hefir alþingi það, er haldið var árið 1861, sent stjórninni þegnlega bænarskrá um, að numið verði úr lögum opið bréf 1. aprílm. 1861 um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabirgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-sjóði Íslands.

Þegar litið er á, að eptir því, sem fyrir er mælt í 2. grein lagabóðs þessa, ber að heimta helming af fè því, sem þarf til að endurgjalda jarðamatskostnaðinn, á mamntalsþingum árið 1863, þá hefir stjórnarráðinu þótt réttast, til að taka fyrir öll tvímæli, að tilkynna yður nú þegar, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunnngjörið það sýslumönnunum í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, að samkvæmt tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátígn konunginum 5. dag þ. m. þóknazt allramildilegast að úrskurða, að ofangreindri bænarskrá geti eigi orðið bænheyrsla veitt.

Til skýringar málinu skulu hér tilfærðar ástæðurnar fyrir konungsúrskurði þessum, eptir skýrslu dómsmálastjórnarinnar um málið, er það var horið upp fyrir konungi:

Frá alþingi 1861 kom bænarskrá til konungs um, að numið verði úr lögum opið bréf 1. aprílm. 1861 um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabirgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-

sjóði Íslands, en lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp um þetta mál, og sé þar tiltekin upphæð jarðamatskostnadarins, og hvernig hann skuli greiddur.

Til styrkingar þessari bænarskrá sinni tók alþingi einkum fram, að jarðamatskostnaðurinn ekki gæti álitizt að hafa verið lagður fyrir alþingi, með því upphæð hans ekki hafi verið tilgreind í því frumvarpi til opins bréfs 1. aprílm. 1861, er lagt var fyrir alþingi 1859; að ekki hafi verið ráðin bót á galla þessum, er þinginu virtist hér eiga sér stað, með því, að upphæð kostnadarins er til tekin í ástæðunum fyrir frumvarpinu, en í þeim sé tekið fram, að kostnaðurinn við jarðamatid árin 1849 og 1850 hafi samtals orðið 5,720 rdl. 92 sk., og að þar að auki hafi gengið 2,639 rdl. 86 sk. í annan kostnað, og hafi mestur hlutinn af því gengið til nefndar þeirrar, er skipuð var í Reykjavík til að endurskoða jarðamatid; að stjórnin með því að leggja frumvarpið fyrir alþingi hafi sýnt, að hún álti, að leita ætti álits alþingis um það, og þá sjálfsagt að stjórnlögum réttum, samkvæmt 4. grein í tilskipun 28. maím. 1831, smbr. 1. grein í alþingistilskipuninni, en þingið hafi enganvegin sagt álit sitt um sjálft efni máls þessa, þó það að vísu hafi bent á þann mun, er ætti að gjöra á jarðamatskostnaðinum árin 1849 og 1850, og þeim kostnaði, er síðar hafi á fallið, með því það að öðru leyti ekki hafi farið lengra út í málið, en aðeins ráðið frá, að frumvarpið yrði gjört að lögum að sinni, og að þinginu því hafi komið mjög á óvart, er frumvarpið hafi verið gjört að lögum, þrátt fyrir skýlausar tillögur alþingis árið 1859, og þrátt fyrir það, að upphæð jarðamatskostnadarins eigi hafi verið lögð fyrir þingið, en aðferð þessa áliti það öldungis óvanalega og eigi samkvæma ofangreindum lagaákvörðunum.

Auk þessarar mótbáru móti því, hvernig lagaboðið hafi til orðið, hefir þingið álitid, að efni þess í ýmsum greinum væri á þann hátt, að það eigi gæti staðizt eins og það nú er, og tók í því tilliti fram:

1. að jarðamatskostnaðurinn sé of hár, með því ekkert tillit hafi verið haft til þess, að 2,639 rdl. 86 sk. af allri upphæðinni, 8,360 rdl. 82 sk., séu öðruvísi undir komnir en þeir

1862.

5,720 rdl. 92 sk. er jarðamatið 1849—50 kostaði, og hljóti þó þingið að álíta, að rétt sé að gjöra mun á þessum kostnaði, einsog gjört hafi verið á alþingi árið 1859, en á hinn bóginn mundi þó þingið ekki hafa gjört þetta að miklu umtalsmáli, ef lagabodið hefði eigi marga aðra galla að geyma;

2. að jarðamatskostnaðinum sé jafnað niður á landið á allt of stuttan tíma, með því ekki beri nauðsyn til að hann sé endurgoldinn á einum 2 árum; áлага þessi á jarðirnar í landinu, þegar það er eins bágstatt og nú er það, verði mjög tilfinnanleg þegar henni sé bætt ofan á þær álögur, sem nú hvíla á eignum þessum;

3. að þar sem ákveðið sé í 1. grein, að kostnaðinum skuli jafnað á allar jarðir í landinu, og lagt jafnt á hvert jarðarhundrað í hinni nýju jarðabók, þá geti þingið ekki sæð, hvernig svo megi verða án þess að lagabodið valdi hinum mesta ójöfnuði; og er í þessu tilliti tekið fram, að það sé kunnugt, að prestsmatan sé lögð til jarðanna í hinni nýju jarðabók, en upphæð prestmötunnar sé, eptir skýrslu jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík, 3,359 rdl., eður $\frac{1}{40}$ af öllum afgjöldum jarðanna; eptir þingsins áliti sé það auðsætt, hversu ranglátt það væri, ef kirkjubændur ættu að greiða jarðamatskostnað af prestsmötunni, sem er gjald, er þeir eru skyldir að gjalda til uppheldis prestinum, með því það væri að gjalda toll af tolli; þar að auki liggi á sumum jörðum bænhústollur til prests, og sé honum öldungis eins háttað og prestsmötunni, og hafi hann verið færður til hundradatalsins í jarðabókinni nýju;

4. að ekki verði sæð, hvernig ákvörðunin í 2. grein hins opna bréfs geti átt við um þau jarðarhundrað í hinni nýju jarðabók, sem enginn viss eigandi er að, svo sem sèu þrætupartar þeir allir, sem metnir sèu sèrskilt, með því ekki verði sagt, hver sé eigandi þeirra, fyrri en dómur sé upp kveðinn í þrætumálunum, og geti því eigi ábúandinn haft þann aðgang til eiganda, sem honum sé heimilaður í lagabodinu; því ekki verði sagt, að sá sé eigandi þrætupartsins, er sé handhafi hans á þeim tíma, er fèð skal endurgoldið, eður hefir byggt hann öðrum;

5. að það sé miklum vafa undirorpið, hver sé réttur eig-

andi að sumum jörðum t. a. m. stöðum (beneficiis) og kirkjujörðum þeim, er stöðum fylgja, hvort það sé kirkjuprestur, kirkjan á stöðunum eður annar.

Þá er mál þetta var borið undir úrskurð konungs, var tekið fram í skýrslu dómsmálastjórnarinnar, að eins og konungsfulltrúi á alþingi hafi sýnt fram á, bæði við umræður málsins á þinginu og í álitsskjali því, er frá honum kom með bænarskrá alþingis, að ástæður þær, er þingið hefir til fært í bænarskrá sinni, séu sumpart rangar og sumpart ónógar, og þess vegna lýst yfir því álitinu sínu, að engin ástæða sé til að fara eptir tillögum þingsins um þetta mál, þannig verði dómsmálastjórnin öldungis að fallast á álit konungsfulltrúa, og voru því til styrkingar gjörðar þær athugasemdir um málið, er nú skal frá skýrt:

Viðvíkjandi aðalmótbáru þingsins móti lagaboðinu, að það eigi hafi verið lagt fyrir þingið á réttan hátt, þá ber þess að geta, að þegar frumvarpið til lagaboðs þessa var lagt fyrir alþingi, og í ástæðunum fyrir frumvarpinu til færð sú upphæð, sem endurgjalda á eptir lagaboðinu, þá hefir þingið fengið kost á að segja álit sitt um þetta atriði; þingið hefir og notað tækifæri það, er því þannig var gefið, til þess að lýsa yfir því álitinu í álitsskjali sínu, 18. ágústm. 1859, að ástæða væri til að aðgreina þann kostnað, er leiddi af jarðamatinu sjálfu árin 1849 og 1850 frá hinum síðari kostnaði, er nefnd sú, er skipuð var í Reykjavík til að endurskoda jarðamatið, og útreikningurinn á jarðabókinni hefir haft í för með sér; því eptir þingsins álitinu ætti þessi síðarnefndi kostnaður að heimfærast til skrifstofukostnaðar, en þar á móti einungis hinn fyr taldi kostnaðurinn, 5,720 rd. 92 sk., að endurgjaldast og jafnast niður á jarðirnar, eptir þeim dýrleik, sem settur er á hverja jörð í hinni nýju jarðabók. Þar að auki hefir þingið sagt álit sitt um, hvenær jafna ætti kostnaði þessum á landið, og þótti þinginu réttast, að niðurjöfnunin færi ekki fram, fyrri en jarðabókin væri búin að fá lagagildi. Þingið hefir þannig í raun og veru sagt álit sitt um adalatriðin í lagaboðinu, og þar sem því nú hefir þótt það svo miklu skipta, að sú upphæð, sem jafna ætti á landið, ekki er tilfærð í sjálfu

1862.

frumvarpinu, þá er það ljóst af ástæðunum fyrir því, að orsökkin til þessa var aðeins sú, að menn þá bjuggust við, að bæta þyrfti við lítilfjörlegum kostnaði fyrir þrjár virðingargjördir, sem ekki voru komnir reikningar fyrir; en með því að sú varð raun á, að virðingargjördir þessar ekki höfðu neinn sérstaklegan kostnað í för með sér, var tilfærð í hinu opna bréfi 1. aprílm. 1861 öldungis sama upphæðin og tilgreind er í ástæðunum fyrir frumvarpinu. Í álitsskjali alþingis 18. ágústm. 1859, því er að ofan er getið, hefir þingið eigi heldur komið fram með nein mótmæli móti því formi, sem við var haft, er málið var borið undir álit þingsins, jafnvel þó einmitt þá hefði verið hið rétta tækifæri til að koma fram með slík mótmæli. En eins og mótmæli þessi því eigi hafa fram komið í tækan tíma, þannig mega þau og álitast að vera í raun og veru öldungis ástæðulaus, með því málið, eptir því sem að ofan er frá skýrt, hefir verið lagt fyrir alþingi samkvæmt tilskipun 28. maím. 1831 4. gr., smbr. alþingistilsk. 1. gr.

Um hinar sérstaklegu mótbárur alþingis móti efni lagabóðsins voru gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. Þar sem alþingi álitur, að kostnaðurinn sé of hátt settur, þá getur dómsmálastjórnin eigi horfið frá þeirri skoðun sinni, sem útlitun er í ástæðunum fyrir opnu bréfi 1. aprílm. 1861¹, að engin ástæða sé til, eins og alþingi hefir gjört, að aðgreina jarðamatskostnaðinn 1849—50, er var 5,720 rdl. 92 sk. frá þeim kostnaði, er síðar hefir verið varið til að ljúka við jarðamatið, en það eru 2,639 rdl. 86 sk., þannig, að einungis hin fyrtaalda upphæðin skyldi endurgoldin samkvæmt tilsk. 27. maím. 1848, 7. gr., og skal hér að eins ítrekað, að svo verður að álíta, að skilja eigi það, sem fyrir er mælt í lagastað þessum um endurgjald jarðamatskostnaðarins, á þann hátt, að einnig beri að endurgjalda kostnað þann, er reis af öllum þeim ráðstöfunum er miðudu til að fullgjöra jarðamatið eptir að hinni eiginlegu jarðavirðing var lokið; þar við bætist, að ráðstafanir þessar voru gjörðar eptir uppástungum alþingis, og hvað sér í lagi snertir

1) Sjá hér að framan 458—461 bls.

jarðamatsnefnd þá, er skipuð var í Reykjavík, en af henni leiddi mestur hluti hins síðari kostnaðarins, þá hefir alþingi sjálft gjört ráð fyrir, að kostnaðurinn til hennar skyldi endurgoldinn ríkissjóðnum, er það í þegnlegu álitsskjali sínu 10. ágústm. 1853, um leið og það fór fram á, að nefndin yrði skipuð, stakk upp á, að allur sá kostnaður, er leiddi af ráðstöfun þessari, skyldi fyrirfram greiddur úr jarðabókarsjóðnum, en í þessu liggur augljóslega sú þýðing, að kostnaðurinn skyldi síðan endurgoldinn; eigi komu heldur nein mótmæli fram af hálfu þingsins árið 1857, þá er því var kunnugjörður konungsúrskurður 27. maím. 1857, sem meðal annars fyrir skipaði, að þóknun til nefndarmannanna m. m. skyldi endurgoldin ríkissjóðnum.

Um 2. Um þá mótbáru alþingis, að jarðamatskostnaðinum sè jafnað niður á of stuttan tíma, þá skal þess getið, að á alþingi 1859 komu engin mótmæli fram gegn þeirri ákvörðun í frumvarpinu, sem hér er um rætt, og var því engin ástæða til að ákveða gjaldfrestinn öðruvísi en gjört hefir verið í lagaboðinu. Með því nú ekki eru komnar fram skýrslur um, að ástandið á Íslandi hafi breytt neitt töluvert á þeim tíma, er síðan hefir liðið, og þegar litid er á, að gjald það, sem hér er um rætt, aðeins er 9 $\frac{1}{4}$ sk. af hverju jarðarhundraði, að þessu gjaldi er skipt niður á tvö ár, og að það eigi verður heimtað fyrri en árin 1863 og 1864, þá virðist ekki vera ástæða til að taka til greina mótmæli alþingis um þetta atriði.

Um 3. Þar sem alþingi hefir sagt, að prestsmatan sè lögð til jarðanna í hinni nýju jarðabók, þá á þetta að skiljast þannig, að þegar settur var dýrleiki á þær jarðir, sem prestsmata er goldin af, var ekki haft neitt tillit til þess, að nokkur hluti af afgjöldum þessara jarða rennur inn til annars en eigandans, það er að segja er greiddur til prestsins, svo að dýrleiki jarðanna eigi hefir verið færður niður fyrir þá sök, að þessi þungi hvílir á þeim. Það sem alþingi finnur að, er því það, að eigandi þeirrar jarðar, sem prestsmata er goldin af, skuli eiga að borga jarðamatskostnað af allri hundraðatölu jarðarinnar þrátt fyrir það, þó hann verði að láta af hendi til annars manns nokkurn hluta af tekjunum af jörðinni. En bæði er það, að alþingi

1862.

1859 ekki kom fram með nein mótmæli um þetta efni, enda virðist og þessi ákvörðun í lagabodinu ekki olla því, að jarðar- eigandi á nokkurn hátt verði of hart úti, með því hann getur látið koma upp í prestsmötuna þann hluta af jarðamatskostnað- inum, sem presturinn kynni eiga að greiða eptir réttu hlutfalli við þann hluta af jarðarafgjaldinu, sem hann fær. En um rétt jarðeiganda í þessu efni, þá liggur það atríði fyrir utan ákvarð- anir lagabóðsins, og verður að gjöra út um það við dómstólana, ef hlutadeigendur ekki geta komið sér saman í því efni; en ætla má að slíkt muni ekki opt bera að höndum, með því hér optastnær verður um lítilræði að gjöra.

Um 4. Að ágreiningur er um eignarrétt til jarðarparts, sem settur er dýrleiki á, ollir engum vanda, þegar beita skal ákvörð- ununum í lagabóði þessu, með því gjald það, sem þar er ákveðið, skal heimtað af þeim, sem hefir þrætupartinn til afnota, og ef hann er annar maður en sá, er telur sig eiganda hans, þá fær hann það endurgoldið hjá þeim, sem hefir byggt honum þrætupartinn. Verði þrætuparturinn unninn frá þeim, er þannig hefir orðið að greiða jarðamatskostnaðinn, þá verða dómstólarnir, ef til þess kemur, að skera úr, hvort sá, er unnið hefir þrætu- partinn, eigi að endurgjalda hinum það, sem hann hefir kostað upp á hann, og þar á meðal kostnað þann, sem leitt hefir af matinu á honum, en um þetta atríði ber öldungis ekki að ákveða neitt í lagabodinu.

Um 5. Það virðist öldungis vafalaust, að hlutadeigandi prestar eiga að greiða jarðsmatskostnaðinn fyrir staði og kirkju- jarðir þær, er fylgja prestsembættunum, og það stendur í þessu efni á sama, hvort prestakallið eða kirkjan á að álitast að vera eigandi, með því presturinn (beneficiarius) hvort heldur sem er, verður í stað eiganda og á að svara til gjaldsins, svo sem sá, er hefir ágóðann af eignunum (usufructuarius).